



Pjetur Hafstein, Þórður Helgason og Árni Ibsen.

## Ljóðleikhúsið

# Ljóðlistarhátíð í Þjóðleikhúskjallaranum

FYRSTA mánudag hvers mánaðar í vetur verða ljóðaupplesstrar í Þjóðleikhúskjallaranum á vegum ljóðskálda í samvinnu við Þjóðleikhúsið. Fyrirhugað er að átta skáld lesi úr verkum sínum hverju sinni.

Fyrsta ljóðakvöldið verður í Þjóðleikhúskjallaranum mánudaginn 2. nóvember kl. 20.30. Þá koma fram Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, Berglind Gunnarsdóttir, Guðlaug

María Bjarnadóttir, Jóhann Hjálmarsson, Pjetur Hafstein Lárusson, Þórður Helgason og Þorsteinn frá Hamri.

Erlingur Gíslason leikari mun lesa úr þýðingum Njarðar P. Njarðvík á ljóðum eftir Tomas Tranströmer, sem hlaut bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs fyrir tveimur árum.

Hægt verður að kaupa veitingar og ljóðamarkaður verður á staðnum. Aðgangseyrir er 250 krónur.


# Kraftmikil rödd hans hljómar afar fallega

— segir þýskur gagnrýnandi um Keith Reed

Keith Reed barítónsöngvari kom nýlega fram í fyrsta hlutverki sínu við óperuhúsið í Detmold í Þýskalandi, sem var hlutverk skáldanna fjögurra í Ævintýrum Hoffmanns.

Í dagblaðinu *Lippische Rundschau* segir: „Keith Reed sem nýlega var ráðinn að húsinu var sérdeilis áhrifamikill í hlutverkum andstæðinga Hoffmanns. Kraftmikil barítónrödd hans hljómar afar fallega og hún er vel skóluð og blæbrigðarík. Leikur hans var ekki síðri. Honum tókst að draga upp meitlaða mynd af skúrkunum sem hann lék.“

Keith fékk reyndar einnig mjög góða dóma í sænskum blöðum í haust fyrir frammistöðu sína í hlutverki Jagós í Othello. Þá var sagt meðal annars: Keith Reed var sagði þessi venjubundni stóri og drungalegi fulltrúi ilskunnar, heldur var túlkun hans á hlutverkinu lipur og þjál sem gerði hann mun hættulegri.




Keith Reed í hlutverki Londorf í Ævintýrum Hoffmanns.

Keith Reed heldur kveðjutónleika í íslensku óperunni á laugardag kl. 14.30.

# Drög að verkum sem svífa

Myndhöggvarinn Þórir Barðdal settist að í norðurhluta Portúgals fyrir nokkru, þar sem granít og marmari fást fyrir lítið fé og fyrirhafnarlaust. Fyrir skömmu hélt hann sýningu á verkum sínum nærri bænum Albufera, og er nú kominn heim til að opna sýningu á Kjarvalsstöðum sem hefst í dag. Hann sýnir stílhreina skúlpúta úr hvítum marmara sem minna á sólríkar strendur fyrir vikið, en innblástur verkanna er ekki sóttur í ytri heim náttúrunnar.

Aðeins varanlegt efnið er sótt út. Þórir vill móta útlínur innri löngunar; útlínur algildra sanninda. Í þeim leitir hann duldrar merkingar formsins. Efnið tekur á sig margvíslega lögun, en er yfirleitt upptypt. Megináherslan er sjaldan á láréttum línunum. Öll leita þau upp, leita að einhverju æðra. „Ég geng ekki út frá trúarlegu inntaki, en það kemur alltaf í gegn — er til staðar,“ segir Þórir. „Frumkraftarnir loft, jörð, eldur og vatn renna saman í fléttur eða togast á. Það er einkennandi hvernig formið mótast af aðskildum kröftum og án innri kraftanna sem sameinast í efninu myndi verkin hrynja.“ Á sýningunni má finna fléttu úr marmara, lagskipta stjörnu sem virkar gegnsæ, og mjóan spirál sem bendir á miðju en snertir samt aldrei miðlínuna. Og fleiri verk staðfesta að marmarinn er leikandi þrátt fyrir þyngd sína. „Marmarinn býr yfir tærum eiginleikum norðursins, fjallanna, jöklanna og loftsins. Hreinleiki marmarans stendur nærri íslenskrí náttúru, þótt að hann komi yfirleitt frá suðlægum slóðum. Og hann er lifandi; engir tveir steinar eru eins, hver og einn býr yfir persónuleika með brestum og kostum. Maður þarf að ræða við



Þórir Barðdal

Morgunblaðið/Kristinn

þá áður en verkið hefst og kynnast eiginleikum þeirra. Í raun kenna verkin mér. Ég fæ hugmynd sem kemur innan og aftan að úr huganum, en síðan þegar ég er að slípa og höggva í efnið, útskýrir það smátt og smátt hvað býr í forminu. Stundum uppgötva ég hvað býr í verkinu löngu eftir að það er unnið. Steinninn er kennari og allt vinnsluferlið skóli. Marmarinn hentar vel; býr yfir sígildum eiginleikum og langlífum. En hugmyndin bakvið formin er varanleg þrátt fyrir að verkið leysist kannski upp eftir 500 ár, og lifir miklu lengur en steinninn. Aðdráttaraflið brýtur ekki hugmyndina niður, það virkar ekki á andann og því leita verkin upp. Í mörg ár hef ég reynt að búa til

verk sem svífa, losa þau úr klafa aðdráttarafallsins.“

Þórir kveðst í raun setja fram huglæg myndefni sem hafa engin form, t.d. vilji: Hvernig liti vilji út ef hann hefði form? Í hans huga er þetta sannleiksleit. „Ég held að nán tengsl séu milli fegurðar og sannleika og myndlistarmenn eru oftast í leit að fegurð í einhverri mynd, eða útlista eigin sýn á fegurð,“ segir hann. „Um eilífðarhugtök eru að ræða, sem eru jafngild nú og fyrir þúsund árum og eftir þúsund ár. Hugleiðingar um þessa þætti síast inn í verkin. Hið sígilda er hreinlega áhugaverðara en eitthvert tiskupjátur sem stendur við í nokkra mánuði og verður að engu að því loknu.“

SFR

## Norræna húsið

# Fyrirlestur um höggmyndalist í Danmörku

SUNNUDAGINN 1. nóvember heldur Villads Villadsen, forstöðumaður ríkislistasafnsins í Danmörku (Statens museum for Kunst), fyrirlestur í fundarsal Norræna hússins. Fyrirlesturinn nefnist „Omkring billedhuggertraditionen i Danmark“.

Villads Villadsen kenndi listasögu við Kaupmannahafnarháskóla frá 1973 til 1979, en þá var hann ráðinn forstöðumaður listasafnsins í Randers. Því starfi gegndi hann til 1985 eða þar til hann tók við forstöðu ríkislistasafnsins.



Frá æfingu fyrir tónleikana.

# Kennaratónleikar í Keflavíkarkirkju á laugardag

Kennarar Tónlistarskólans í Keflavík halda tónleika á íslenskum tónlistardegi, sem er haldinn hátíðlegur laugardaginn 31. október. Tónleikarnir eru í Keflavíkarkirkju og hefjast kl. 16.00.

Á efnisskrá eru íslensk og erlend verk. Kennarar munu koma fram í ýmsum hópum, stórum og smáum; einnig munu tveir þeirra syngja einsöng.

Frumflutt verður hljómsveitarverk eftir Eirík Árna Sigtryggsson, einn kennara skólans og margt fleira verður á efnisskrá. Tónleikarnir eru framlag kennara skólans til M-hátíðar í Keflavík.

# Tónlistarskóli Borgarfjarðar á 25 ára afmæli

TÓNLISTARSKÓLI Borgarfjarðar verður í dag, laugardaginn 31. október, með opið hús í Grunnskólanum í Borgarnesi kl. 14. Einnig munu verða tónfundir í öðrum grunnskólum héraðsins næstu daga; í Laugagerðisskóla þriðjudaginn 3. nóv. kl. 14, í Kleppjárnsreykjaskóla 4. nóv. kl. 11 og í Andakílsskóla kl. 20.30 og fimmtudaginn 5. nóv. í Varmalandsskóla kl. 13. Á þessum tónfundum munu nemendur koma fram og eru tónfundirnir öllum opnir.

Tónlistarskólinn hóf starfemi sína haustið 1967 og voru nemendur 39 fyrsta árið. Nú, 25 árum síðar, stunda 230 nemendur nám við skólann. Starf Tónlistarskólans er samofið grunnskólum héraðsins. Kennarar á fimm stöðum í héraðinu.

# Síðustu sýningardagar

Nú líður að lokum málverkasýningar Þórdísar Árnadóttur í versluninni Borð fyrir tvo í Borgarkringlunni.

Í fréttatilkynningu segir að sýningin hafi hafist 12. september og verði opin á verslunartíma. Henni lýkur mánudaginn 2. nóvember.


## Gallerí Borg

# Málverkauppboð á Hótel Sögu

GALLERÍ Borg er með málverkauppboð í Súlusal, Hótel Sögu, sunnudaginn 1. nóvember kl. 20.30. Uppboðið er haldið í samvinnu við Listmunauppboð Sigurðar Benediktssonar hf.

Í fréttatilkynningu segir að boðin verði um 100 verk, flest eftir þekktu, íslenska listamenn. Einnig verða boðnar upp graffikmyndir eftir Picasso og Salvador Dalí, og handritað Íslandskort frá því um 1640.

Uppboðsverkin verða sýnd í Gallerí Borg við Austurvöll laugardag og sunnudag frá kl. 14-18 báða dagana.



Leikmynd úr Dunganon.

## Frá Leikfélagi Reykjavíkur

# Sýningum á Dunganon fækkar

Í fréttatilkynningu frá Leikfélagi Reykjavíkur segir að sýningum fari að fækka á Dunganon, leikriti Björns Th. Björnssonar, um lífsnautna- og listamanninn Karl Einarsson. Næstu sýningar eru á Stóra sviði Borgarleikhúss-

ins 6. og 13. nóvember.

Brynja Benediktssdóttir setti sýninguna á svið. Sigurjón Jóhannsson gerði leikmynd og búninga, en Hjálmar Ragnarsson tónlist. Alls koma um 30 leikarar fram í sýningunni.